

Nd.

894. Frumvarp til laga

[330. mál]

um þóknun fyrir lögboðna innheimtu gjalda.

Flm.: Friðrik Sophusson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

Hvarvetna þar sem atvinnurekendur er með lagaboði gert skylt að innheimta opinber gjöld eða aðrar greiðslur hjá starfsfólki sínu eða kaupendum vöru þeirra eða þjónustu skal greiða þeim þóknun fyrir innheimtuna er nemi 3% — þremur af hundraði— af upphæðum innheimtra gjalda. Þóknunin greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila, enda sé það gert innan þeirra tímamarka sem lögboðið er.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þess sér víða stað í lögum, að atvinnurekendur er gert að skyldu að innheimta opinber gjöld og aðrar lögbundnar greiðslur af starfsfólki sínu eða viðskiptamönnum vegna sölu vöru eða þjónustu og skila því fé til innheimtumanna hins opinbera, sjóða eða stofnana. Lagaheimildum og lagaboðum um slíka innheimtuskyldu atvinnurekenda hefur fjölgað hin síðari árin og þeim er nú beitt í ríki mæli, en engin þóknun er greidd fyrir þá mikilsverðu aðstoð við innköllun gjaldanna sem þannig er látin í té.

Þessum innheimtustörfum fylgir mikil og vaxandi vinna og ábyrgð og verður að telja mjög ranglátt að leggja slíkar kvaðir á vissa aðila í þjóðfélaginu, án þess að nokkur greiðsla komi fyrir til þess að mæta óhjákvæmilegum kostnaði og áhættu vegna innheimtunnar, meðan aðrir, sem vinna í þágu hins opinbera, fá fulla greiðslu

fyrir störf sín. Hér þarf að taka upp nýjan og betri sið, og því er lagt til í þessu frumvarpi að þeir atvinnurekendur, sem gert er skylt með lagaboði að innheimta slík gjöld í rekstri sínum, fái þóknun fyrir þau störf, er nemi 3% af innheimtufénu til þess að mæta kostnaði og áhættu vegna innheimtunnar.

Það kann að vera álitamál, hvort sú þóknun, sem hér er lagt til að ákveðin verði, sé hæfileg eða hversu mikil hún skuli vera, og er ihugunarefni þeirrar þingnefndar sem um málið verður falið að fjalla. En með frumvarpinu er að því stefnt, að hér komi eðlileg og sanngjörn borgun fyrir unnin störf.

Þess skal getið, að Skúli Guðmundsson alþingismaður flutti á 88. löggjafarþinginu frumvarp um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda, svohljóðandi:

„Nú eru notaðar heimildir í lögum til þess að fyrirskipa atvinnurekendum að innheimta opinber gjöld hjá fólki, sem þeir hafa í þjónustu sinni, og skal þá greiða þóknun fyrir innheimtuna, er nemi 3% af upphæðum innheimtra gjalda. Þóknunin greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til rétttra aðila.“

Frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar 16. apríl 1968, en ekkert hefur gerst í málinu síðan.

Að lokum skal til fróðleiks getið helstu gjalda þeirra, er atvinnurekendum er í dag ætlað að innheimta í rekstri sínum:

1. Tekjuskattur launþega.
2. Útsvar launþega,
3. Söluskattur, nr. 10/1960.
4. Launaskattur, 14/1965.
5. Iðnaðargjald, 64/1965.
6. Iðnlánasjóðsgjald, 45/1963.
7. Slysátrygging I
8. Slysátrygging II } 27.—29. gr. laga um almannatryggingar.
9. Atvinnuleysistryggingagjald, 57/1973.
10. Lífeyrissjóðsgjald, 1974 (4. mars).
11. Lífeyristryggingagjald skv. 20. gr. laga um almannatryggingar.
12. Sjúkrasjóðsgjald, 19/1979.
13. Orlofsfé, 87/1971.

Auk þessara gjalda innheimta atvinnurekendur m. a. félagsgjald til launþega-samtaka og orlofsheimilasjóðsgjald.